


## ✉ Re: FS: Beiðni um mat á verndargildi - Varmárósar

Búið til	3.6.2020 11:56:17
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	3.6.2020 11:56:14
Tilheyrir	 202005-0030 - Stækkunar friðlandsins við Varmárósa í Mosfellsbæ

### Efni

Re: FS: Beiðni um mat á verndargildi - Varmárósar
---

### Upplýsingar

Sent	3.6.2020 11:56:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-2 Tillögur um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	hildurv@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Sæl Hildur,

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi friðlandsins Varmárósa og hugsanlegar stækkunar þess sbr. innsent kort.

Eins og kemur fram í meðfylgjandi tölvupósti þá var og er aðal markmiðið með friðlýsingu Varmárósa, auglýsing nr. 710/2012, að vernda plöntutegundina fitjasef (*Juncus gerardi*) og búsvæði þess en um er að ræða annan af tveimur þekktum fundarstöðum tegundarinnar hér á landi. Fitjasef er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu og er tegundin einnig friðlýst sbr. auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda nr. 184/1978. Almennt verndargildi Varmárósa/Leirvogs, þ.e. svæðisins í heild með og án gildi þess sem búsvæði fitjasefs, felst í vistkerfi svæðisins sem heildar sem samanstendur af mismunandi vistgerðum s.s. skraleirum og sjávarfitjum. Sjávarfitjar og leirur njóta einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd vegna mikilvægi þessa votlendis fyrir lífríki s.s. fyrir fugla og plöntur. Fyrirhuguð stækkun á friðlandinu nær einnig yfir fundarstaði fitjasefs norðan Köldukvíslar og eykur það verndargildi þess svæðis. Sjá einnig meðfylgjandi greinargerð NÍ frá 2013.

Mörkin sem sýnd eru á korti (sem væntanlega munu breytast) fylgja mestmegnis útbreiðslu sjávarfitjungsvistar eins og hún hefur verið teiknuð á vistgerðakort NÍ. Vistgerðin er ein af forgangsvistgerðum við val á svæðum á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Vistgerðin hefur hátt verndargildi og fær einkunnina 30 skv. mati NÍ (heildarbil verndargildis er á bilinu 3-38) en vistgerðin telst mikilvæg fyrir bæði fuglategundir og sjaldgæfar plöntutegundir, sjá <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>) .

Leiran framan við fitjarnar er flokkuð sem skeraleira, sem einnig er forgangsvistgerð með mjög hátt verndargildi eða 18 (verndargildi fjöruvistgerða er á bilinu 5-23), sjá einnig <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>) . Leiran er ekki mikið innan afmarkaða svæðisins, sjá hér á eftir.

Leirvogur og Varmárósar eru einnig hluti af tillögu NÍ á B-hluta náttúruminjaskrá að vernd Blikastakró-Leirvogi vegna fuglalífs þar sem m.a. sendlingur og margæs ná alþjóðlegum viðmiðum fyrir mikilvæg fuglasvæði, sjá <https://www.ni.is/node/21559> (<https://www.ni.is/node/21559>) , sjá einnig ítarlegri upplýsingar hér <https://www.ni.is/node/16106> (<https://www.ni.is/node/16106>). Svæðið er einnig hluti af svæði nr. 131 á náttúruminjaskrá þ.e. Leirvogur, Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf, sem er að mestu sama svæðið og B-hluta tillaga NÍ.

Ef eingöng er horft á verndargildi þess svæðis sem er sýnt er á korti með erindinu þá felst það í því að svæðið er mikilvægt fyrir vernd fágætrar tegundar, fitjasefs, þ.e. tegunda og búsvæðavernd. Verndargildi svæðisins felst einnig í að fitjarnar eru sérstæðar að gróðurfari, forgangsvistgerð, og mikilvægt vistkerfi fyrir fugla. Þess utan er felst verndargildi svæðisins í að það er hluti af mikilvægu búsvæði/fæðusvæði fyrir fugla almennt sem hluti af svæði sem nær alþjóðlegu mikilvægi fyrir tegundirnar margæs og sendling. Út frá vistfræðilegu sjónarmiði eru þau gögn sem til eru t.d. um fugla ekki í þeirri upplausn að hægt sé að meta kortlagða svæðið í samanburði við önnur svæði í Leirvogi enda alls ekki heppilegt út frá vistfræðilegum sjónarmiðum að búa óshólma niður í litlar einingar. Til að meta verndargildi einstakra svæða þyrfti nánari athugun á svæðinu. Með tilliti til verndar á líffræðilegri fjölbreytni hefur svæði því bæði hátt verndargildi vegna vernda á fágætum tegundum og vistgerðum en einnig sem hluti af stærra vistkerfi til verndar fjölskrúðugu lífríki í fjöru/sjó og á landi.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



**Frá:** Hildur Vésteinsdóttir <[hildurv@umhverfisstofnun.is](mailto:hildurv@umhverfisstofnun.is)>  
**Sent:** mánudagur, 18. maí 2020 11:38  
**Til:** Trausti Baldursson - NI <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>  
**Afrit:** Hildur Hafbergsdóttir <[hildurhafberg@ust.is](mailto:hildurhafberg@ust.is)>; Aron Geir Eggertsson <[aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is](mailto:aron.eggertsson@umhverfisstofnun.is)>; René Biasone <[Rene.Biasone@umhverfisstofnun.is](mailto:Rene.Biasone@umhverfisstofnun.is)>  
**Efni:** Beiðni um mat á verndargildi - Varmárósar

Sæll Trausti.

Í síðustu viku funduðum við með fulltrúum Mosfellsbæjar vegna stækkunar friðlandsins við Varmárósa. Upphaflega hugmyndin sneri að því að fær mörkin út fyrir þekktar fundarstaði fitjasefs sbr. skýrslu frá ykkur. Síðan urðu hugmyndirnar stærrar og ákveðið að færa mörkin þannig að þau ná yfir allar sjávarfitjarnar sbr. kortaþekju frá ykkur yfir vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar.

Markmiðið hefur alltaf verið að vernda fitjasefið, en með tilkomu sjávarfitjanna fylgir líklega fjölbreytt fuglalíf og annað sem eykur verndargildi svæðisins.

Mig langar því að óska eftir mati á verndargildi svæðisins frá ykkur. Meðfylgjandi er vinnukort yfir það svæði sem við erum að hugsa um, mörkin inni á landi munu þó væntanlega vera víðari, þ.e. fylgja reiðstígnum sem sjá má á kortinu.

með bestu kveðju,  
Hildur

**Bestu kveðjur, Best regards**

Hildur Vésteinsdóttir

Teymisstjóri, Team leader

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

Varmarósar\_greinargerð\_Natturufræðistofnun.pdf (4 MB)

Varmarósar\_tillaga2.jpg (5 MB)

image001.png (4 KB)

image001.gif (2 KB)